

Reykjavík 27. nóvember 2018  
R18010348  
1210

Borgarstjórn

***Breytingatillögur Samfylkingarinnar (S), Viðreisnar (C), Pírata (P), og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs (V) við frumvarp að fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar 2019-2023***

**SCPV-01 Breytingar á fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði (C-flokkur)**

Borgarstjórn samþykkir að stefna að lækkun fasteignaskatta skv. C-flokki á árinu 2021 þannig að álagið lækki úr 25% í 23,5% og árinu 2022 í 21,3% sem þýðir að skatthlutfallið verður 1,63% árið 2021 og 1,60% árið 2022.

*Greinargerð:*

Í samstarfssáttmála Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri-grænna er kveðið á um að fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði skuli lækkaðir í 1,60% fyrir lok kjörtímabils. Með tillögu þessari er sú stefna útfærð nánar og stefnt að lækkun í tveimur skrefum. Á árinu 2021 verði skatthlutfalli 1,63% en lækki svo í 1,60% á árinu 2022.

Tillögunni er ætlað að létta álögur á reykvísk fyrirtæki. Áætluð áhrif breytinganna á tekjur borgarinnar eru eftirfarandi, miðað við forsendur 5 ára áætlunar: tekjur ársins 2021 lækka um 206 milljónir króna., tekjur ársins 2022 lækka um 552 milljónir króna og tekjur ársins 2023 um 592 milljónir króna. Áhrifin eru sýndi í eftirfarandi töflu:

Lækkun fasteignaskatta	(þ.kr.)	2020	2021	2022	2023
Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði		0	-206.000	-552.000	-592.000

**SCPV-02 Breytingar á fjárhagsáætlun Félagsbústaða**

Lagt er til að fjárhagsáætlun Félagsbústaða verði breytt eins og lýst er í meðfylgjandi töflu töflu í samræmi við samþykktu áætlun stjórnar félagsins dags. 21. nóvember 2018:

<b>Félagsbústaðir</b>	<b>(þ.kr.)</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>
Rekstrartekjur	hækkun (lækkun)	97.252	101.112	122.292	194.212
Rekstrargjöld	hækkun (lækkun)	-178.029	-180.986	-185.333	-149.006
Fjármagnsgjöld	(hækkun) lækkun	-211.115	35.091	76.993	30.732
Matsbreyting fjárfestingaeigna	hækkun (lækkun)	-54.598	-39.578	-66.692	-46.304
Rekstramiðurstaða	hækkun (lækkun)	9.568	277.611	317.926	327.646
Handbært fé frá rekstri	hækkun (lækkun)	64.266	316.989	384.218	374.050
Fjárfestingahreyfingar	(hækkun) lækkun	-803.215	1.315.082	-1.084.836	-765.153
Fjármögnunarahreyfingar	hækkun (lækkun)	764.400	-1.621.700	721.400	391.300
Breytinga á handbæru fé innan ársins	hækkun (lækkun)	25.451	10.371	20.782	197
Handbært fé í árslok	hækkun (lækkun)	-247.021	-236.650	-215.868	-215.671
Staða handbærs fjár í árslok eftir breytingu		78.151	88.622	109.804	110.101

Dagur B. Eggertsson